



## Óli á Stað GK 99

Bókun

Mál nr.: 2024-037-S-010

Dagsetning: 26. mars 2024

Staðsetning: NV af Sandgerði

Atvik: Missti skúfu

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

## Samantekt

Þann 26. mars 2024 tilkynnti skipstjóri Óla á Stað til Landhelgisgæslunnar að hann hafi misst vélarafli og þarfnaðist aðstoðar. Björgunarskipin Hannes Þ. Hafstein og Jóhannes Briem héldu til aðstoðar. Í ljós kom að báturinn hafði tapað skrúfunni. Veður: ANA 12-16 m/sek. Ölduhæð 2,5 m.

### 1. Helstu staðreyndir

Skipaskrár. nr. 2842  
Útgerð: Stakkavík ehf  
Smíðaður: Seigur ehf, Ísland, 2017  
Stærð: 30 BT  
Mesta lengd: 14,80 m  
Skráð lengd: 13,17 m  
Breidd: 5,57 m  
Vél: Volvo Penta 2016, 479 kW,  
2016  
Fjöldi skipverja: 4



Gögn: Landhelgisgæslan  
RNSA

### 2. Atvikalýsing

Þann 26. mars 2024 var Óli á Stað að veiðum um 15 sjómíli NV af Sandgerði.

Um kl. 17 kúplaði skipstjórnarmaður að en ekkert gerðist. Þó sáu skipverjar að skrúfuöxullinn snerist.

Var Vaktstöð siglinga gert viðvart og kl. 17:40 fór Hannes Þ. Hafstein úr Sandgerðishöfn og var kominn að bátnum um kl. 19. Á sama tíma fór Jóhannes Briem til aðstoðar frá Reykjavíkurböfn og var kominn á vettvang um kl. 22.

Óli á Stað var dreginn inn til Sandgerðis þar sem kafað var undir skipið daginn eftir og kom þá í ljós að ró á öxulenda sem hélt skrúfunni hafði losnað af og skrúfan farið af öxlinum. (Mynd 1)

### 3. Greining



Mynd 1.

Ró sem halda átti skrúfunni losnaði af öxlinum með þeim afleiðingum að skrúfan datt af. Ástæðan er líklega sú að rónni hefur ekki verið læst með fullnægjandi hætti.

*Hilmar Snorrason*

*Pálmi Jónsson*

*Hjörtur Emilsson*

*Jón Finnbjörnsson*

